

29. fundur umhverfisnefndar haldinn 12.03.2019 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar við Breiðumörk 20.

Fundinn sátu Bryndís Eir Þorsteinsdóttir formaður, Pétur Reynisson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Thelma Rós Kristinsdóttir og Sigrún Árnadóttir. Höskuldur Þorbjarnarson umhverfisfulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

DAGSKRÁ.

1. Kynning Umhverfisfulltrúa á sorpbrennslunni Amager Bakke

Farið var í kynningarferð til Danmerkur þann 17. mars síðastliðinn ásamt fulltrúum Gámaþjónustunar ehf. að skoða sorpbrennsluna Amager Bakke í Kaupmannahöfn. Vegna erfiðleika við að koma sorpi frá Suðurlandi í urðun gæti reynst nauðsynlegt að flytja sorp til brennslu erlendis. Það væri mikil afturför í sorpmálum og hvetur Umhverfisnefnd til þess að allra annara leiða verði leitað áður en til þess kæmi. Allra besta aðferðin er að minnka eins og hægt er magn sorps sem fer til urðunar. Með aukinni flokkun má minnka þetta magn.

2. Fjölrit um sorpmál

Umhverfisfulltrúi lagði fram drög að fjölríti um sorpmál til kynningar. Í fjölrítinu eru íbúar hvattir til að huga að umhverfismálum og þá sér í lagi sorpmálum. Meðfylgjandi eru flokkunarleiðbeiningar frá Gámaþjónustunni. Umhverfisnefnd lýsir ánægju sinni með fjölrítið og felur Umhverfisfulltrúa að láta prenta það og bera í öll hús í Hveragerði.

3. Sýning og viðburður í júní

Formaður Umhverfisnefndar fór yfir stöðu undirbúnings að sýningu og viðburði sem stefnt er að því að halda í Hveragerði 14 – 17 júní.

4. Hreint Suðurland – átakswerkefni um hreinna umhverfi

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands stefnir að því að ráða starfsmann til að vinna að hreinsun umhverfis í sveitarfélögum á starfssvæði sínu. Umhverfisnefnd lýsir ánægju með þessi áform Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og felur Umhverfisfulltrúa að vinna með væntanlegum starfsmanni að því að bæta umhverfi Hveragerðis.

5. Svið í lystigarðinum

Umhverfisfulltrúi og Bæjarstjóri áttu fund með hönnuði sviðs í Skallagrímssgarði í Borgarnesi. Komu fram ýmsar góðar hugmyndir um gerð og hönnun sviðs í lystigarðinum. Umhverfisnefnd felur Umhverfisfulltrúa að vinna áfram að málinu ásamt Bæjarstjóra.

6. Niðurstöður könnunar um vinnuskóla fyrir ungmenni

Með bréfi, dags. 28. júní 2018, sendi umboðsmaður barna beiðni til allra sveitarfélaga landsins um þátttöku í rafrænni könnun um fyrirkomulag vinnuskóla á þeirra vegum. Umboðsmaður gaf út skýrslu í janúar 2019 með niðurstöðum könnunarinnar. Umhverfisnefnd fagnar útgáfu skýrslunnar og felur Umhverfisfulltrúa að nýta ráðleggingar og niðurstöður hennar við skipulag

starfs Vinnuskóla Hveragerðisbæjar. Umhverfisnefnd felur einnig Umhverfisfulltrúa að kanna þann möguleika að bjóða nemendum sem lokið hafa 7. bekk vinnu í vinnuskólanum.


7. Verndun rústa rafstöðvarinnar á Varmárbökkum

Henný Hafsteinsdóttir gerði á árunum 2017 – 2018 greinargerð um sögu rafstöðvanna sem byggðar voru á Varmárbökkum á árunum 1902 – 1930 auk tillagna um verndun og sýningu þeirra rústa sem enn eru sjáanlegar af þessum rafstöðvum. Greinargerðin er afar fróðleg og vill Umhverfisnefnd koma á framfæri sérstöku þakklæti til Hennýar Hafsteinsdóttur fyrir hennar vinnu. Umhverfisnefnd hvetur til þess að unnið verði áfram að því að vernda rústir rafstöðvanna á Varmárbökkum. Rústirnar verði einnig gerðar enn frekar aðgengilegar almenningi þar sem sögu þeirra verði gert hátt undir höfði.


Fundargerð var samþykkt samhljóða og fundi slitið kl: 19.15



Bryndís Eir Þorsteinsdóttir



Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir



Sigrún Árnadóttir



Pétur Reynisson



Thelma Rós Kristinsdóttir



Höskuldur Þorbjarnarson